



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Lykiltölur til apríl 2022

Dags: 10. maí 2022

Málsnúmer: 202006316/10.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölнисdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Meðfylgjandi er stutt samantekt á helstu tölum fjölskyldusviðs til og með apríl 2022.

Fjárhagsaðstoð

Milli mars og apríl hefur fækkað um þrjá einstaklinga á fjárhagsaðstoð. Af þeim sem þáðu fjárhagsaðstoð í apríl voru 13 erlendir ríkisborgarar, þar af átta flóttamenn. Samtals 13 höfðu í apríl verið á fjárhagsaðstoð í 12 mánuði eða lengur.

Tafla 1. Fjöldi einstaklinga á fjárhagsaðstoð og upphæð.

	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Janúar	35	4,8 mkr.	50	6,9 mkr.	39	6,2 mkr.	30	4,4 mkr.
Febrúar	40	5,5 mkr.	45	5,9 mkr.	38	6,0 mkr.	29	3,9 mkr.
Mars	40	5,6 mkr.	54	7,1 mkr.	43	7,0 mkr.	38	4,9 mkr.
Apríl	43	6,4 mkr.	56	7,3 mkr.	42	5,9 mkr.	35	4,8 mkr.
Maí	46	6,2 mkr.	59	8,0 mkr.	45	6,5 mkr.		
Júní	42	6,2 mkr.	53	7,5 mkr.	43	5,9 mkr.		
Júlí	38	5,1 mkr.	57	7,3 mkr.	32	4,2 mkr.		
Ágúst	39	4,8 mkr.	50	6,4 mkr.	34	4,9 mkr.		
September	49	5,8 mkr.	50	6,7 mkr.	33	4,8 mkr.		
Október	44	6,0 mkr.	43	6,6 mkr.	30	4,5 mkr.		
Nóvember	53	6,8 mkr.	42	6,0 mkr.	31	4,8 mkr.		
Desember	53	7,8 mkr.	43	7,5 mkr.	37	5,8 mkr.		



Barnaverndarmál

Tilkynningafjöldi í apríl er lægri en síðustu þrjá mánuði þar á undan, en fjöldi tilkynninga frá lögreglu er sá sami og í janúar og febrúar. Vörðuðu tilkynningar aprílmánaðar 30 börn.


Tafla 2. Fjöldi barnaverndartilkynninga.

Tilkynningar	2019		2020		2021		2022	
	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu	Heild	Frá lögreglu
Janúar	31	25	40	18	40	16	51	25
Febrúar	32	17	31	13	32	10	52	26
Mars	45	18	42	22	54	32	43	15
Apríl	28	8	22	15	45	17	33	25
Maí	24	8	35	20	55	34		
Júní	40	10	35	25	52	20		
Júlí	31	21	41	25	26	13		
Ágúst	50	28	33	16	33	19		
September	47	24	45	21	62	36		
Október	44	22	78	35	38	23		
Nóvember	32	7	60	36	56	31		
Desember	28	18	34	14	49	29		
Samtals	432	206	496	260	542	280	179	91



Atvinnuleysi

Áfram heldur atvinnuleysi að minnka, um tæplega 30 einstaklinga milli mánaða. Er þetta til samræmis við tölur á landsvísu þar sem fækkar um 600 einstaklinga á skrá milli febrúar og mars.



Mynd 1. Atvinnulausir Mosfellingar.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjölfnisdóttir